

*Endurskoðun sveitarstjórnarlaga**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**Málefni fatlaðra til sveitarfélaga**Félagsleg ráðgjöf sveitarfélaga**Viðtal við félagsmálaráðherra**Kynhlutlaust starfsmat**Verkefni reynslusveitarfélaga**Frumvarp til laga um húsaleigubætur*

**Félagsmálaráðherra
og starfsfólk
félagsmálaráðuneytisins senda
landsmönnum öllum bestu
nýárskeðjur!**

ENDURSKOÐUN SVEITARSTJÓRNARLAGA

nr. 8/1986.

Hinn 8. janúar 1996 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að endurskoða sveitarstjórnarlög nr. 8/1986. Í nefndina voru skipuð Jón Kristjánsson alþingismaður, formaður nefndarinnar, Húnbogi Þorsteinsson, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu,

Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ, Sesselja Árnadóttir, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Einnig sat fundi nefndarinnar Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fengist hefur mikil reynsla af framkvæmd sveitarstjórnarlaganna frá 1986 og þótti tími til kominn að taka þau til heildarendurskoðunar til að sníða af annmarka og bæta við ákvæðum sem reynslan hefur leitt í ljós að vantað hefur. Sú reynsla er fyrst og fremst fengin frá sveitarfélögum og félagsmálaráðuneytinu.

Í upphafi starfs nefndarinnar var ákveðið að rita öllum sveitarfélögum bréf og gefa þeim kost á að koma á framfæri hugmyndum og tillögum að breytingum á sveitarstjórnarlögum. Svör bárust aðeins frá 14 sveitarfélögum. Reynsla félagsmálaráðuneytisins byggist fyrst og fremst á skriflegum og munnlegum erindum um túlkun á einstökum ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Með gildistöku stjórnsýslulaga nr. 37/1993 fjölgaði erindum til ráðuneytisins geysilega. Fjölgun slíkra erinda má þó jafnan tengja við þau ár er sveitarstjórnarkosningar fara fram. Enn fremur hefur umfang hvers máls að jafnaði aukist mikið. Hér á eftir fara upplýsingar um fjölda úrskurða og skriflegra álita ráðuneytisins sem birt hafa verið með vísan til 2. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga:

Ár	Fjöldi úrskurða eða álita	Ár	Fjöldi úrskurða eða álita
1986	9	1992	9
1987	12	1993	19
1988	14	1994	69
1989	6	1995	49
1990	22	1996	41
1991	19		

Félagsmálaráðuneytið





Ljóm. Sveitarstjórnarmál / Linnar Stefánsson

Frá atkvæðagreiðslu um sameiningu Grímsneshrepps og Grafningshrepps hinn 1. nóvember 1997, þar sem sameiningin var samþykkt í báðum hreppunum.

Nefndin skoðaði sérstaklega sveitarstjórnarlöggjöf Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar og unnin var skýrsla þar sem borin er saman löggjöf þessara landa og sveitarstjórnarlög nr. 8/1986.

Nefndin skilaði niðurstöðum sínum til félagsmálaráðherra þann 5. nóvember 1997. Ákvað nefndin að leggja til að auk nýrra sveitarstjórnarlaga yrðu sett sérstök lög um kosningar til sveitarstjórna. Er þar meðal annars fylgt fordæmi annarra Norðurlanda. Helsta ástæða þess er að nauðsynlegt þykir að öll lagaákvæði um sveitarstjórnarkosningar verði á einum stað en ekki að hluta til í sveitarstjórnarlögum og að hluta til í lögum um kosningar til Alþingis eins og nú er. Þykir þetta nýja fyrirkomulag vera til þess fallið að auðvelda almennum borgurum, sem valdir eru í kjörstjórn, starf sitt.

Miðað við núgildandi sveitarstjórnarlög er breytt nokkuð skipulagi og upp-röðun einstakra ákvæða, en helstu efnislegu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu frá núgildandi lögum eru eftirfarandi:

- Felldur er brott allur greinarmunur sem gerður er á sveitarfélögum eftir fjölda íbúa. Þannig hafa öll sveitarfélög sömu stjórnsýslulegu stöðuna burt-séð frá íbúafjölda.
- Lagt er til að landið allt skiptist í sveitarfélög en ekki einvörðungu byggðin og afréttir.

- Rýmkuð eru ákvæði laganna varðandi nafngiftir sveitarfélaga. Í tengslum við það er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir ákveði heiti sveitarstjórna, byggðarráða og framkvæmdastjóra í samþykktum sínum um stjórn og fundarskóp.

- Felldur er brott III. kafli laganna um kosningu sveitarstjórna og samið nýtt frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna.

- Í III. kafla frumvarpsins er leitast við að gera ákvæði varðandi sveitarstjórnarfundir skýrari, m.a. ákvæði varðandi auglýsingu fundanna, hæfi sveitarstjórnarmanna, tölvuskráningu fundargerða og varamenn í sveitarstjórnnum.

- Kaflanum um fjármál sveitarfélaga er breytt nokkuð í því skyni að samræma betur fjárhagslegt uppgjör sveitarfélaga, skýra nánar hlutverk endurskoðanda og skoðunarmanna og setja fram úrræði svo unnt sé að bregðast fyrir við alvarlegum fjárhagsvanda sveitarfélags ef sveitarstjórn hefur ekki um það frumkvæði. Einnig er felld brott heimild fyrir sveitarstjórnir til að veita einfalda ábyrgð til annarra aðila gegn tryggingum sem hún metur gildar.

- Felld er brott 99. gr. gildandi laga um að sveitarfélögum geti í einhverjum tilvikum verið skylt að hafa með sér samvinnu.

- Felld er brott 100. gr. gildandi laga um stofnun og starfrækslu atvinnu-

og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð í samræmi við lög nr. 24/1972.

- Felld er brott 117. gr. gildandi laga þar sem ákvæðið er talið úrelt í ljósi breyttra aðstæðna, m.a. breytinga varðandi aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

- Við samningu frumvarps til laga um kosningar til sveitarstjórna var fyrst og fremst stuðst við III. kafla sveitarstjórnarlaga og lög um kosningar til Alþingis nr. 80/1987 með síðari breytingum. Tekin eru upp í frumvarpið ýmis ákvæði

laga um kosningar til Alþingis hvað varðar framkvæmd kosninganna. Þó er gert ráð fyrir að um atkvæðagreiðslur utan kjörfundar verði vísað til laga um kosningar til Alþingis, enda koma kjörstjórnir í sveitarfélögum ekki að framkvæmd þess þáttar kosninga.

- Farin er sú leið í frumvarpinu að eyða öllum mun á kröfum til sveitarfélaga eftir íbúafjölda eins og gert er í frumvarpi til sveitarstjórnarlaga. Helstu efnislegu breytingarnar sem er að finna í frumvarpinu eru að öðru leyti eftirfarandi:

- Viðmiðunardagur kjörskrár er færður úr fimm vikum í þrjár vikur.

- Sá sem sæti á í kjörstjórn skal ætíð vikja sæti ef hann er í kjöri til sveitarstjórna.

- Almenna reglan verður sú að í sveitarfélögum verði bundnar hlutfallskosningar, en ef enginn framboðslisti berst eru kosningarnar óbundnar.

- Framboðsfrestur verður þrjár vikur í stað fjögurra.

- Kjósendur eiga nú rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar frá og með þeim degi er átta vikur eru til kjördags.

Félagsmálaráðherra lagði á haustþingi fram frumvarp til laga um húsaleigubætur sem varð að lögum rétt fyrir jólin og taka lögin gildi 1. janúar 1998.

Í frumvarpinu eru lagðar til þrjár grundvallar-breytingar frá núgildandi lögum nr. 100/1994. Þær eru; 1. að húsaleigubótakerfið verði alfarið verkefni sveitarfélaganna, 2. að húsaleigubótakerfið nái til allra sveitarfélaga, og 3. að bæturnar nái til alls íbúðarhúsnæðis í leigu, án tillits til eignarforms þess.

Í gildandi lögum skipta ríkið og sveitarfélög með sér kostnaðinum vegna húsaleigubóta. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að horfið verði frá því fyrirkomulagi og greiðslur bótanna fari alfarið fram hjá sveitarfélögunum. Eftir að frumvarpið var lagt fram náðist um það samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga að ríkið greiði árlega 280 m.kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, vegna húsaleigubótakerfisins og sjóðurinn hafi milligöngu um að koma þeim greiðslum til sveitarfélaga. Í athugasemdum við frumvarpið segir að kostir tillagðra breytinga séu einkum aukin skilvirkni og skýrari verkskipting milli ríkis og sveitarfélaga og gert sé ráð fyrir að sveitarfélögin hverfi frá beinni niðurgreiðslu félagslegs húsnæðis og greiði húsaleigubætur í staðinn.

Þá er gert ráð fyrir að húsaleigubótakerfið nái til allra sveitarfélaga og það skilyrði afnumið að til þess að íbúar sveitarfélaga geti átt rétt til húsaleigubóta þurfi að liggja fyrir ákvörðun viðkomandi sveitarfélaga um greiðslu þeirra. Fram kemur að starfshóp-

til húsaleigubóta er skilyrtur eins og að framan greinir hafi verið sú að húsaleiga sé verulega niðurgreidd af sveitarfélögum og Byggingarsjóði verkamanna. Í frumvarpinu er hins vegar talið að nái húsaleigubótakerfið til félagslegra íbúða skapi það grundvöll fyrir endurskoðun annarra niðurgreiðslna hins opinbera vegna leiguhúsnæðis og breytinga á rekstrarfyrirkomulagi.

Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin muni annast framkvæmd húsaleigubótakerfisins með hefðbundnum aðferðum að því viðbættu að allar leiguíbúðir á þeirra vegum verði leigðar á kostnaðarleigu og húsaleigubætur greiddar vegna þeirra.

Nokkrar aðrar breytingar hafa verið gerðar frá gildandi lögum þrátt fyrir að frumvarpið sé að meginstofni byggt á þeim. Breytingarnar voru gerðar með hliðsjón af álitaefnum sem komið hafa upp við framkvæmd laganna, m.a. hjá úrskurðarnefnd um félagsþjónustu og hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, og eru helst að bæturnar verði greiddar eftir á fyrir liðinn mánuð en ekki fyrirfram eins og verið hefur. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir aðlögunartíma vegna breytinganna, sérstaklega með tilliti til þeirra sem nú fá bætur greiddar fyrirfram.

FRUMVARP TIL LAGA UM HÚSALEIGU- BÆTUR

ur sem vann að frumvarpinu hafi áætlað að heildarkostnaður miðað við að öll sveitarfélög taki upp núgildandi húsaleigubótakerfi sé á bilinu 390-650 m.kr., en mismunandi niðurstöður hafi fengist eftir því út frá hvaða forsendum áætlunin var gerð. Loks verði ekki lengur undanskilinn réttur til húsaleigubóta ef leiguíbúð er í eigu ríkissjóðs, sveitarfélags eða fyrirtækis sveitarfélags en að bæturnar nái til alls íbúðarhúsnæðis í leigu. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að ástæða þess að réttur

JÖFNUNARSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Endurskoðun reglugerðar

Að undanförunu hefur verið unnið að endurskoðun á reglugerð nr. 420/1996 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla er tók gildi 1. ágúst 1996 við yfirfærslu alls grunnskólakostnaðar frá ríki til sveitarfélaga.

Meginmarkmiðið með endurskoðuninni var að stuðla að enn markvissari skiptingu fjármagns sem rennur í Jöfnunarsjóð vegna yfirfærslunnar og gera sveitarfélögunum betur kleift að sinna þessu nýja verkefni sínu. Jafnframt var bætt við ákvæði í reglugerðina sem virkar hvetjandi fyrir sveitarfélögin til að endurskipuleggja í skólarekstri sínum.

Við endurskoðunina var lögð til grundvallar sú reynsla sem fengist hafði á fyrsta skólaári yfirfærslunnar en einnig var stuðst við góðar ábendingar frá sveitarfélögum og skólaskrifstofum. Tillögur að breytingum á reglugerðinni voru sendar stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og voru þær samþykktar athugasemdalest. Reglugerðin mun taka gildi 1. janúar 1998.



Starfsmenn Jöfnunarsjóðs eru Elín Pálsdóttir og Hermann Sæmundsson.

Upplýsingabæklingur

Með vaxandi hlutverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er þörf á enn betri kynningu á hlutverki sjóðsins og starfsemi hans. Til að efla kynningu á sjóðnum meðal sveitarstjórnarmanna hefur verið gefinn út upplýsingabæklingur um sjóðinn. Þar er að finna aðgengi-

legar upplýsingar um starfsemi hans og þau framlög sem úthlutað er úr sjóðnum til sveitarfélaga. Jafnframt er vísað til þeirra reglugerða, sem sjóðurinn starfar eftir, ef þörf er á ítarlegri upplýsingum um ákveðna málaflokka. Bæklingurinn hefur verið sendur til sveitarfélaga.

„ÓHAGKVÆMIR ÞJÓÐFLUTNINGAR“

Páll Pétursson, félagsmálaráðherra, segir byggðaröskun mesta áhyggju-efni stjórnvalda, sem hann kallar raunar þjóðflutninga. Félagsmálaráðherra segir það eðlilegt að fólk flytji sig á milli staða en ójafnvægið í flutningum milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis sé bæði samfélagslegt vandamál og þjóðhagslega óhagkvæmt. Það sé óhagkvæmt fyrir fjölskyldur og einstaklinga að þurfa að byggja yfir sig tvisvar sinnum á lífsleiðinni og óhagkvæmt fyrir samfélagið að þurfa að byggja upp í tvígang félagslega þjónustu, s.s. skóla, íþróttamannvirki, samgöngur o.fl. fyrir sama fólkið.

„Það er ekki einfalt að bregðast við þessu af hálfu stjórnvalda“, segir Páll Pétursson. „Við í félagsmálaráðuneytinu vinnum gegn byggðaröskun með því að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga, til dæmis málefni fatlaðra. Sá málaflokkur er kominn nú þegar alfarið til sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Höfn og í Vestmannaeyjum og reynslan er afar góð. Sameining sveitarfélaga stuðlar oft að því að styrkja byggðarlög. Miklar sameiningar hafa verið ákveðnar í minni tíð og margar aðrar á döfinni. Ég hef hins vegar varast þrýsting og valdboð og vil að fólkið sjálf fái að ráða hvort það vill sameina sveitarfélög eða ekki. Flutningur vel launaðra starfa sem unnin eru af fólki með talsverða menntun frá ríki til sveitarfélaga er raunhæf byggðarstefna. Góðu tíðindin af fjölskylduflutningum eru hins vegar þau að nú flytja fleiri til landsins en frá því áður. Ríkisstjórninni hefur tekist að skapa hér betri skilyrði til búsetu en áður sem hefur snúið dæminu við.“

Félagsmálaráðherra bendir á að flest allir málaflokkar félagsmálaráðuneytis verði endurskoðaðir og endurskipulagðir á kjörtímabilinu. Mikið hafi áunnist og margt sé í deiglu.

Atvinnumál:

• Ný lög voru sett um stéttarfélög og vinnudeilur. Á grundvelli þeirra hafa nú tekist farsælli kjarasamningar en áður hafa verið gerðir. Þeir eru lengri en áður hefur þekkst. Lægstu laun

voru stórhækkuð. Í heildarkjarasamningum snemma árs 1995 var samið um 43.000 kr. lágmarkslaun. Um næstu áramót verða lágmarkslaun 70.000. Kaupmáttaraukning verður að mati Þjóðhagsstofnunar 25% frá '95 - 2000. Verðbólga verður þó ekki nema 2,5 - 3% árlega. 4% lækkun tekjuskatts í áföngum hefur verið ákveðin og 2% lækkun hátekjuskatts.

• Bætur almannatrygginga hafa hækkað um nær 20% í tíð núverandi ríkisstjórnar og verða tengdar launabreytingum þannig að þær hækki aldrei minna en laun í landinu.

• Ný lög hafa verið sett um vinnu- markaðsaðgerðir og atvinnuleysis- tryggingar. Landið er orðið eitt vinnusvæði. Vinnuáskrifstofa ráðuneytisins var gerð að Vinnuáskrifstofunni, vinnumiðlanir hafa verið færðar til ríkisins og eiga að verða miklu virkari. Þá hafa verið sköpuð stórbætt úrræði til að aðstoða langtímaatvinnulausa. Þegar einstaklingur hefur verið á bótum í 10 vikur verður hann að gera starfsleitaráætlun með starfsmanni svæðisvinnumiðlunar og þaðan í frá verður honum greitt fyrir að leita sér að vinnu.

• Ný lög hafa verið sett um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga. Þar með fá bændur, vörubílstjórar og smábátasjómenn rétt til atvinnuleysisbóta.

• Skráð atvinnuleysi nú er 3,3% og eru 20% á skránni í hlutastarfi, þannig að 2,7% eru án vinnu. Þótt atvinnuleysi hafi stórminkað, það var um 7% á útmánuðum 1995, er það enn alltof mikið. Mikill vinnuafllsskortur er víðast um land og í mörgum starfsgreinum.

Húsnæðismál:

• Lánshlutfall fyrir fyrstu íbúð í húsbrefakerfinu var hækkað úr 65 í 70%.

• Ný lög voru sett til að greiða fyrir því að sveitarfélög gætu komið auðum félagslegum íbúðum í notkun.



Páll Pétursson, félagsmálaráðherra.

• Þá voru lögfestar reglur um frestun afborgana og greiðsluferðleikalán.

• Lög um Húsnæðisstofnun og félagslega íbúðakerfið eru í endurskoðun. Félagslega kerfinu verður breytt og það gert liprara og sveigjanlegra. Í undirbúningi eru til dæmis breytingar á þann veg að einstaklingar geti fengið lán beint til að kaupa félagslega íbúð. Viðkomandi getur selt eigna þegar það hentar, greitt upp félagslega lánið og keypt íbúð á almennum markaði. Þeir sem nú þegar búa í félagslega kerfinu verða auðvitað að halda samningsbundnum réttindum sínum en kerfið þarf að gera liprara og sníða af því agnúa. Þá þarf að auka framboð leiguhúsnæðis.

• Greiðslumat, veðmat og afgreiðsla húsnæðis verða flutt frá Húsnæðisstofnun til banka og sparisjóða. Þetta á að gera þjónustuna liprari og ódýrari fyrir neytandann.

• Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna var sett á fót. Þar hafa á annað þúsund fjölskyldur fengið ókeypis aðstoð við að ná tökum á fjármálum sínum. Höfuðstóll meðlagsskulda var gerður umsemjanlegur. Skattaskuldir aðrar en vörsluskattar eru orðnar umsemjanlegar og einstaklingar eiga kost á allt að 250 þúsund króna aðstoð til að leita nauðasamninga.

• Lög verða sett um að húsaleigubætur skuli greiddar í öllum sveitarfélögum og á allt leiguhúsnæði. Ein margra skýringa á byggðaröskun er sú að fólk hefur ekki fengið húsaleigubætur í sumum sveitarfélögum og flytur þá lögheimili sitt í önnur sveitarfélög þar sem húsaleigubætur eru greiddar.

Málefni fatlaðra:

• Lög um málefni fatlaðra verða felld inn í lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Mikil vinna er í gangi vegna fyrirhugaðs flutnings málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

• Fjögur ný sambýli fatlaðra verða tekin í notkun á árinu 1998. Svigrúm sem félagsmálaráðuneytið hefur haft til útgjaldaaukningar hefur nær allt verið nýtt til úrbóta í þessum mála-flokki, enda er þörfin mikil og úrræðin dýr. Í Reykjavík og á Reykjanesi eru biðlistar frá gamalli tíð. Lögð er áhersla á að stytta þá.

Barnaverndarmál:

• Samið hefur verið við einstaklinga um að taka að sér rekstur heimila fyrir ungmenni í vandræðum. Byggð var meðferðarstöð fyrir unglunga að Stuðlum í Grafarvogi. Heimili fyrir unga vímuefnaneytendur var tekið í notkun í Varpholti við Eyjafjörð. Byggt verður í Garðhúsum í Skagafirði heimili þar sem vistaðir verða erfiðustu unglíngarnir.

• Barnahús var stofnað í Reykjavík síðla árs 1997 á vegum Barnaverndarstofu. Þar á að veita aðstoð og rann-saka brotamál af ýmsu tagi við bæri-legar aðstæður, m.a. varðandi kynferðislegt ofbeldi gagnvart börn-um. Fyrirmynd starfseminnar er bandarísk. Þetta er samstarfsverkefni

ráðuneyta félagsmála, dómsmála og heilbrigðismála.

• Þá stendur yfir endurskoðun á lög-um um vernd barna og ungmenna.

Opinber fjölskyldustefna:

• Vorið 1997 var samþykkt á Alþingi ályktun um mótun opinberrar fjöl-skyldustefnu. Á grundvelli hennar er unnið að því að styrkja mjög stöðu fjölskyldunnar í þjóðfélaginu. Hér þarf að koma til samstarf stjórnvalda og sveitarfélaga. Þegar er hafin mark-viss vinna samkvæmt ályktuninni.

Endurskoðuð jafnréttisáætlun:

• Lögð fyrir Alþingi fyrir lok árs 1997. Þar er um að ræða verulegar um-bætur frá gildandi áætlun um jafn-réttismál.

• Mikil vinna hefur verið lögð í und-irbúning hinnar nýju áætlunar m.a. með fundahöldum í öllum kjördæm-um til að safna hugmyndum og efla umræðu um jafnréttismál.

• Tilraunaverkefni um kynhlutlaust starfsmat hefur verið sett í gang. Á grundvelli þess verður vonandi unnt að koma í veg fyrir kynbundinn launa-mun í framtíðinni.

• Endurskoðun jafnréttislaganna er að hefjast.

Flóttamannamál:

• Tveir hópar flóttamanna hafa komið til Íslands frá fyrrum Júgóslavíu, sá fyrri fór til Ísafjarðar og sá síðari til Hafnar í Hornafirði. Þetta hefur tek-ist framúrskarandi vel og áformað er að taka við hópum flóttamanna á hverju ári. Sveitarfélögin sýna málinu mikinn áhuga og nýbúarnir styrkja verulega byggðirnar.

Málefni sveitarfélaganna:

• Frumvarp til endurskoðaðra sveitar-stjórnarlaga er til meðferðar á Alþingi og stefnt er að því að það verði að lögum fyrir vorið.

• Þar eru veigamestu breytingarnar þær að mjög eru styrkt ákvæðin um reikningshald og fjárhagsstjórn sveit-arfélaga. Þá eru rýmkuð ákvæði um nafngiftir sveitarfélaga og samið hef-ur verið um staðarmörk sveitarfélaga. Þá er lagt til að jöklarnir tilheyri sveit-arfélögum á sama hátt og byggð og afréttir.

• Lög um sveitarstjórnarkosningar hafa verið í endurskoðun og ákvæðum er sveitarstjórnarkosningar varða safnað á einn stað.

• Verkefni sveitarfélaganna hafa vax-ið mjög að undanfögnu og hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er orðið miklu fjölþættara, m.a. vegna grunn-skólafirfærslunnar.

FÉLAGSÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGA OG FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF

Síðastliðið vor var gerð breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og er sveitarfélögunum nú skylt að veita íbúnum félagslega ráðgjöf. Fram að þeim tíma var einungis kveðið á um að þau skyldu leitast við að veita þessa þjónustu, en nú er skýrt kveðið á um skyldu þeirra á þessu sviði. Með félagslegri ráðgjöf er, m.a. átt við ráðgjöf á sviði uppeldismála, fjármála og húsnæðismála.

Markmið ráðgjafarinnar er að veita leiðbeiningar um félagsleg réttindi annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar. Uppeldisleg ráðgjöf til foreldra við skilnað og leiðbeiningar varðandi vistunarmál aldraðra eru dæmi um félagslega ráðgjöf sem veitt er í sveitarfélagi.

Öll stærstu sveitarfélög landsins hafa á að skipa sér-hæfðu starfslíði sem veitir félagslega ráðgjöf. Hins vegar er óhjákvæmilegt að benda á að víða um land er þessi þjónusta ekki sem skyldi. Á það einkum við fá-mennustu sveitarfélögin. Reyndar hafa þau á nokkrum svæðum sameinast um félagsþjónustuna. Þau sem sameinast hafa um hana eru fjárhagslega betur í stakk búin til að ráða sérhæft starfslíð, sem gæti ennfremur sinnt barnaverndarstarfi og jafnvel þjónustu við fatlaða. Ein af forsendum þess að sveitarfélag standi undir nafni er að það geti veitt viðunandi félagsþjónustu og barna-vernd.

KYNHLUTLAUST STARFSMAT - LEIÐ TIL AÐ UPPRÆTA LAUNAMISRÉTTI

Félagsmálaráðuneytið stendur nú fyrir tilraunaverkefni um jafnréttis- og launamál þar sem skoðað er hvort og hvernig kynhlutlaust starfsmat getur nýst til að minnka kynbundinn launamun. Ríkisspítalar eru meðal þátttakenda í verkefninu og þar er vinna við starfsmatið komin á skrið. Starfsmat verður einnig gert innan tveggja stofnana hjá Reykjavíkurborg; Hitaveitunni og Félagsmálastofnun og þar er undirbúningur að verkefninu vel á veg kominn.

Aðdragandi að verkefninu er sá að í mars 1995 skipaði félagsmálaráðherra starfshóp til að safna upplýsingum um notkun starfsmats til að draga úr launamun kynjanna. Í starfshópinu voru skipaðir fulltrúar frá aðilum vinnu- markaðarins (ASÍ, BHM, BSRB, fjármálaráðuneytinu og Vinnuálagssambandinu), auk fulltrúa frá Jafnréttisráði og Reykjavíkurborg. Síðar lagði starfshópurinn til að gerð yrði tilraun með notkun starfsmats til að sjá hvernig það nýttist í raun. Hópurinn samþykkti að nota starfsmatskerfi sem sænska vinnuálagstofnunin (Arbetslivsinstitutet) hefur verið með í smíðum síðustu misseri. Um er að ræða kynhlutlaust starfsmatskerfi sem þýðir að það uppfyllir skilyrði um að lýsa jafnt starfskröfum sem eru einkennandi fyrir dæmigerð störf kvenna líkt og karla. Þetta er mikilvægt því í hefðbundnum starfsmatskerfum hefur viljað brenna við að þættir sem eru einkennandi fyrir störf þar sem konur eru í meirihluta eru lítills eða einskis metnir.

Hvað er starfsmat?

Allar launaákvæðanir fela í sér eins konar mat á verðmæti starfa, stundum án þess að forsendur matsins séu ljósar. Starfsmat er leið til þess að meta innihald og þar með verðmæti starfa á samræmdan hátt, samkvæmt stöðluðu kerfi. Mikilvægt er að hafa

í huga að með starfsmati er aðeins lagt mat á innihald starfa, þ.e. hvaða kröfur starfsmenn þurfa að uppfylla til að sinna tilteknu starfi á viðunandi hátt. Skrifaðar eru nákvæmar starfslýsingar fyrir afmörkuð störf/starfsheiti og greint lið fyrir lið hvað felst í hverju starfi fyrir sig. Ekki er lagt mat á einstaka starfsmenn, frammistöðu þeirra eða einstaklingsbundna hæfileika.

Starfsmat - leið til að bera saman ólík störf

Eins og fram er komið var starfshópi um starfsmat falið að safna upplýsingum um starfsmat sem leið til að draga úr kynbundnum launamun. Ástæða þess að starfsmat getur nýst til þess er að með því er hægt að bera saman innihald og verðmæti starfa þótt þau séu á yfirborðinu gjörólík. Þetta skiptir miklu máli ef skoðað er ákvæði jafnréttis laga um að greiða skuli körlum og konum jöfn laun og tryggja þeim sömu kjör fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Hingað til hefur ekki verið skýrt hvernig eigi að meta hvort ólík störf séu sambærileg og jafnverðmæt en starfsmat getur verið leið til þess.

Markmið starfsmatsverkefnisins Samkvæmt tillögu starfshóps um starfsmat eru markmið tilraunaverkefnisins þau að:

- bera saman hefðbundin kvenna- og karlastörf til að sjá hvort kynhlutlaust starfsmat dragi fram þætti í hefðbundnum kvennastörfum sem hingað til hafa verið vanmetnir
- fá reynslu af notkun starfsmats til að raða störfum innbyrðis innan fyrirtækja/stofnana
- aðlaga kynhlutlaust starfsmatskerfi íslenskum aðstæðum
- kynna þessa aðferð hér á landi við að raða störfum innbyrðis

Þar sem um tilraunaverkefni er að ræða er ekki lögð áhersla á að meta



Hvaða kröfur þurfa starfsmenn að uppfylla til að sinna tilteknu starfi á viðunandi hátt?

mörg störf heldur frekar að skoða störf sem þykja vel fallin til að uppfylla markmið verkefnisins. Því verða aðeins metin nokkur störf hjá þeim stofnunum sem taka þátt í verkefninu og lögð áhersla á fjölbreytileika, dreifingu í skipuriti og að skoðuð séu störf sem talin eru dæmigerð kvennastörf annars vegar og karlastörf hins vegar. Áætlað er að tilraunaverkefninu ljúki í maí/júní á næsta ári. Þá verða niðurstöður kynntar og árangur verkefnisins metinn.

Starfsmat

- endurskoðun gamalla gilda

Það er mikilvægt að starfsmat sé unnið í góðu samstarfi atvinnurekenda/stjórnenda, starfsfólks og stéttarfélaganna starfsfólks þar sem matið fer fram. Vel heppnað starfsmat byggist á því að þeir sem taka þátt í því séu reiðubúnir að endurskoða ríkjandi gildismat og varpa fyrir röða hugsanlegum fordómum um störf og mikilvægi þeirra. Virk þátttaka allra sem að verkefninu koma er skilyrði fyrir árangri.

AF VERKEFNUM REYNSLUSVEITARFÉLAGA

Föstudaginn 28. nóvember sl. var haldin ráðstefna um framkvæmd og stöðu reynslusveitarfélagaverkefnisins, sem hófst á miðju ári 1994 og gert er ráð fyrir að ljúki í árslok 1999. Ráðstefnan var haldin á vegum verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga og á ráðstefnunna mættu fulltrúar frá öllum reynslusveitarfélögum, sem og fulltrúar flestra þeirra ráðuneyta sem að hinum ýmsu verkefnum koma.

Á undanförunum mánuðum hefur verkefnisstjórn heimsótt flest reynslusveitarfélögin og farið yfir stöðu einstakra verkefna. Ráðstefnan var því að nokkru leyti lokahnykkur á þeirri yfirferð verkefnisstjórnar, en einnig var hún ákveðinn vendipunktur varðandi reynslusveitarfélagaverkefnið sem slíkt þar sem nú eru í höfn flestir þeir samningar sem unnið hefur verið að. Framundan er því að ljúka þeim verkefnum og samhliða meta árangur af þeim með tilliti til þeirra markmiða, sem lög um reynslusveitarfélög kveða á um.

Upphaflega voru reynslusveitarfélögin 12 að tölu, en síðan verkefnið hófst hafa þrjú sveitarfélög helst úr lestinni. Samningar hafa náðst um 25 verkefni af um 60 sem hafa verið til skoðunar hjá verkefnisstjórn. Um margvísleg reynsluverkefni er að ræða, t.d. yfirtaka á málefnum fatlaðra, rekstur heilsugæslustöðva, tilraunaverkefni í Grafarvogi, auknar heimildir byggingarfulltrúa varðandi afgreiðslu umsókna, vinnumiðlanir, húsnæðismál, svo fátt eitt sé nefnt.

Það var almennt álit flestra sem til máls tóku á ráðstefnunni, að mikill fengur væri að verkefninu og þeim lærdómi sem af mætti draga, en þó var gagnrýnt að ekki hafi náðst samningar um nokkrar athyglisverðar tilraunir. Þá kom fram að verkefnið væri þegar farið að skila ákveðnum breytingum á löggjöf og voru byggingarlög nefnd sem dæmi.

Í setningarræðu Gunnars Hilmarssonar, formanns verkefnisstjórnar kom fram, að reynslusveitarfélögin séu almennt metnaðarfull um að vel takist til varðandi framvindu einstakra verkefna og benti hann á, að hlutverkið

eitt leiddi af sér ýmsar breytingar hjá reynslusveitarfélögum: „Sérstaklega er athyglisvert að sveitarfélögin hafa mörg hver farið út í ýmsar breytingar á innra skipulagi sínu einmitt í tengslum við það að þau eru nú reynslusveitarfélög, enda þótt það hafi ekki endilega verið þáttur í reynslusveitarfélagaverkefninu sem slíku.“

könnun varðandi viðhorf íbúa reynslusveitarfélaganna til ýmissa þátta er snúa að reynslusveitarfélagaverkefninu. Ætlunin er að gera slíkar viðhorfskannanir reglulega út tímabilið, samhliða því að meta árangur einstakra verkefna.



Ljósmyndun: Bata

Áhugasamir fulltrúar reynslusveitarfélaga og ráðuneyta sátu ráðstefnu verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga.

Einu verkefni er þegar lokið, en það er tilraunir Reykjavíkurborgar með vinnumiðlanir. Verkefnið gekk í gegn inatriðum út á að breyta og bæta fyrirkomulag hvað þjónustu við atvinnulausa varðar og í skýrslu, sem fulltrúar Reykjavíkurborgar á ráðstefnunni dreifðu, kom fram að verkefnið hafi tekist mjög vel og verið góður undirbúningur fyrir gerð starfsleitaráætlauna fyrir fólk í atvinnuleit.

Á ráðstefnunna mættu einnig fulltrúar frá Hagvangi, sem er ætlað að fylgjast með verkefninu í heild sinni sem og að meta árangur af einstökum tilraunum. Fulltrúar Hagvangs dreifðu áfangaskýrslu um verkefnið og gaf þar m.a. að líta niðurstöðu úr skoðana-

Í verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga eiga sæti Gunnar Hilmarsson, formaður, Sigríður Stefánsdóttir bæjarfulltrúi á Akureyri, Ingimundur Sigurpálsson bæjarstjóri í Garðarbæ, og Hermann Sæmundsson deildarsérfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, en starfsmaður verkefnisstjórnar er Elín Blöndal, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu.

ENDURSKOÐUN LAGA UM FÉLAGSPJÓNUSTU SVEITARFÉLAGA OG TILFÆRSLA MÁLEFNA FATLAÐRA TIL SVEITARFÉLAGA

Áformað er að sveitarfélög taki við þjónustu við fatlaða 1. janúar 1999. Félagsmálaráðherra hefur skv. ákvæði til bráðabirgða í lögum, nr. 161/1996, um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, skipað verkefnisstjórn og nefndir sem starfa eiga að undirbúningi yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Skipað hefur verið í verkefnisstjórn, laganefnd, kostnaðarnefnd (sem er jafnframt nefnd um starfsmannamál) og úttektarhóp.

Í nefndunum sitja fulltrúar frá stjórn-málflokkum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, hagsmunasamtökum fatlaðra, samtökum félagsmálastjóra, samtökum framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Félagsmálaráðherra skipaði formenn nefndanna. Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa einnig að ósk félagsmálaráðherra skipað sérstakar landshlutaneofndir í öllum kjördæmum til að undirbúa og aðstoða

einstök sveitarfélög við yfirtöku á mála-flokknum.

Hóparnir hafa hafið störf en áætlað er að frumvarpsdrög liggja fyrir næsta vor. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá hvenær áætlað er að hóparnir ljúki störfum. Þá má sjá að miðað er við að drög að frumvarpi liggja fyrir í apríl/maí 1998 og að sumarmánuðir nýtist til frekari frágangs þess. Í október 1998 er svo áætlað að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi.

Starfstími nefnda sem vinna að yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og sameiningu laga um félagspjónustu sveitarfélaga og málefni fatlaðra.

	1997					1998												
Nefndir	á	s	o	n	d	j	f	m	a	m	j	j	á	s	o	n	d	
verkefnisstjórn						starfstími												
laganefnd						starfstími					frá.frumv.							Frv.Alþ.
kostnaðarnefnd						starfstími					frá.frumv.							Frv.Alþ.
úttektarhópur						starfstími												
starfsmannamál						starfstími												
landshlutaneofndir						starfstími												

VEFSÍÐA FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTISINS

Ráðuneytin hafa nú hvert af öðru komið sér upp vefsíðum þar sem hægt er að kynna sér starfsemi þeirra og sækja ýmsar upplýsingar. Nú er unnið að gerð vefsíðu félagsmálaráðuneytisins og vonast er til að hún verði tekin í gagnið á vordögum 1998. Slóðin að vefsíðum ráðuneytanna er: www.stjr.is



Fundur starfsmanna félagsmálaráðuneytisins.

UM FRÉTTABRÉFIÐ

Fréttabréf félagsmálaráðuneytisins kom áður út á árunum 1989 - 1995. Útgáfa þess hefst á ný með þessu blaði en verður með nokkuð öðru sniði. Blaðið er styttra en það var áður og ætlunin er að gefa því mestan gaum sem efst er á baugi hverju sinni. Fréttabréfið mun koma út minnst tvisvar á ári.

Fréttabréf félagsmálaráðuneytisins, 8. árg. 1. tbl. desember 1997

Ábyrgðarmaður: Húnbogi Þorsteinsson
Ritstjóri: Áslaug Friðriksdóttir

Útlitshönnun: Ydda auglýsingastofa
Prentun: Prenttækni

Útg. félagsmálaráðuneytið,
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu,
101 Reykjavík

Netfang: aslaug.fridriksdottir@fel.stjr.is